

# Lög

**um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun,  
nr. 160/2011, með síðari breytingum (niðurlagning  
flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara).**

---

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málśliður, svohljóðandi: Markmið laganna er enn fremur að veita styrki til að tryggja framboð olíuvara með því að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem eru til notkunar innan lands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

III. kafli nær til jöfnunarstyrkja vegna flutningskostnaðar á olíuvörum, þó ekki olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga og erlendra skipa. Ráðherra skal setja nánari reglur um þá flokka olíuvara sem heimilt er að styrkja.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Við 2. tölul. bætist nýr málśliður, svohljóðandi: Flutningsjöfnun getur einnig átt við aðgerð sem miðar að því að veita söluaðilum olíuvara styrki vegna flutnings á olíuvörum til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.
- Við 3. tölul. bætist nýr málśliður, svohljóðandi: Flutningsjöfnunarstyrkur getur einnig átt við styrk sem veittur er söluaðilum olíuvara sem starfrækja sölustæði á svæðum sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda.**

5. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara**, með einni nýrrri grein, 7. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast númer annarra kafla og greina samkvæmt því:

*Styrkir til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara.*

Byggðastofnun skal veita styrki til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara til söluaðila sem starfrækja sölustaði á svæðum sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.

Úthlutun styrkja skal ákvörðuð í samræmi við þá heildarfjárhæð sem fyrirhugað er að veita til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara í fjárlögum ár hvert, selt magn olíuvara á viðkomandi sölustað og byggðastuðul sem skal endurspeglar samkeppnisstöðu svæðis í byggðalegu tilliti að mati Byggðastofnunar.

Að fenginni umsögn Byggðastofnunar skal ráðherra setja nánari reglur um ákvörðun, fyrirkomulag og útreikning styrkja samkvæmt ákvæði þessu. Í reglunum skal landsvæðum eða byggðarlögum ákvárdar sérstakur byggðastuðull sem útreikningur flutningsjöfnunarstyrks skal m.a. byggjast á, sbr. 2. mgr. Reglurnar skulu tryggja að við úthlutun styrkja sé gætt að sjónarmiðum um jafnræði, hlutlægni og gagnsæi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Byggðastofnun annast framkvæmd styrkveitinga skv. II. og III. kafla. Umsókn um flutningsjöfnunarstyrk til framleiðenda skv. II. kafla skal fylgja greinargerð um flutningsjöfnun, líkt og nánar er kveðið á um í reglugerð, þar sem fram koma allar upplýsingar og tekur endurgreiðsla vegna flutningskostnaðar mið af henni. Ráðherra skal í reglugerð kveða á um þau gögn sem fylgja skulu umsókn um flutningsjöfnunarstyrk til söluaðila olíuvara skv. III. kafla.

- b. Við 4. mgr. bætist: vegna styrkja skv. II. kafla.

- c. 5. mgr. orðast svo:

Styrkveitingar skv. II. kafla eru í formi endurgreiðslu gegn framlögðum reikningum.

Styrkveitingar skv. III. kafla eru í formi fjárgreiðslu.

- d. Við 6. mgr. bætist: og jöfnun flutningskostnaðar olíuvara.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „flutningsjöfnunarstyrk“ í 1. mgr. kemur: skv. II. og III. kafla.
- b. Á eftir orðunum „fjárhæð flutningsjöfnunarstyrks“ í 2. mgr. kemur: skv. II. kafla.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „flutningskostnaðar“ kemur: skv. II. kafla.
- b. Við bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í skýrslunni skal einnig fjallað um flutningsjöfnunarstyrki til söluaðila olíuvara skv. III. kafla, fjöldu umsækjenda á styrktíma-bilinu, fjöldu samþykktra styrkumsókna, heildarfjárhæð styrkveitinga og fjárhæð tíu hæstu styrkja. Upplýsingarnar skulu jafnframtaðar vera sundurliðaðar eftir landshlutum.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvvara, nr. 103/1994.

---

*Samþykkt á Alþingi 29. júní 2020.*